



Við Hvalsnesskirkju. Guðmundur Guðmundsson, form. söknarnefndar, sem fann legstein Steinunnar fyrir tilviljun og Gísli Guðmundsson, kirkjuhaldari, sem las á steininn og uppgötvaði hvað hér var komið í leitirnar.

Steinninn fannst fyrir hreinustu tilviljun

Reykjavík, 12. okt. OÓ.

FUNDINN er við Hvalsnesskirkju legstein Steinunnar, dóttur Hallgríms Péturssonar. Steinn pessi hefur verið týndur í hátt á aðra öld, þrátt fyrir itrekaðar tilraunir til að hafa upp á honum.

Alþýðublaðið hafði í dag tal af Gisla Guðmundssyni, kirkjuhaldara í Hvalsnesi, og sagði hann að steinninn hefði fundist sl. laugardag fyrir hreinustu tilviljun. Var verið að vinna að undirbúningi að því að steypa nýja stétt að og með fram kirkjunni. Þegar búið var að slá upp móturnum kom í ljós

að steinar stóðu upp úr gamalli hleðslu sem þarna var fyrir og hefðu náð upp úr steyptu stéttinni. Bóndinn á Bala, Guðmundur Guðmundsson, formaður söknarnefndar Hvalsnessóknar, var að vinna þar við og var að taka upp þá steina sem of hátt stóðu. Byrjar hann á steini

Framhald á síðu 4

Legsteinn Steinunnar, eina sýnilega og ábreifanlega handa verk séra Hallgríms í Hvalsnesi. Eins og sjá má er letrið á steininum vel læsilegt og má þakka því hve lengi hann hefur legið á grúfu.



Steinninn

Frh. af 16. síðu.

sem stóð við norð norð-vestur horn kirkjuunnar og ætlar að velta honum við og nota í upp fyllingu undir steypuna. Kemur þá í ljós, að letur var á stein inum, vel læsilegt. Lét hann Gísla kirkjuhaldara þegar vita af fundinum, sem við nánari athugun sá að hér var um að ræða legstein Steinunnar Hall grímsdóttur. Tóku þeir steininn í geymslu og settu í hús. Þjóðminjaværði var tilkynnt um fundinn.

Fjallað er um Stein pennan í gömlum skrifum, en síðast var vitað um hann árið 1820, þá fannst hann er verið var að end urbyggja kirkjuna sem þá var í Hvalsnesi. Síðan glatast hann aftur. Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi leitaði að legstein inum árið 1902 og síðar Matthias Þórðarson, en hvorugur fann hann. Áreiðanlega hafa þeir báðir gengið á honum því hann er búinn að liggja á hvolfi fyrir utan kirkjudyrnar síðan hún var byggð fyrir 77 árum.